

Aðalfundur 1997
haldinn á Grand Hótel Reykjavík
31. janúar 1997, kl. 14:00

Formaður setti fund og stakk upp á Jóhanni Gunnarssyni sem fundarstjóra. Var það samþykkt einróma.

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 1996

Haukur Oddsson formaður flutti skýrslu stjórnar. Athygli vakti að aldrei fyrr hafa svo margar ráðstefnur og fundir verið haldnir á vegum félagsins. Sjá nánar - fskj.#1.

Viðauki við skýrslu formanns með ýmsum tölulegum upplýsingum um starfið á árinu fylgir hér með - fskj.#2.

2. Skýrslur nefnda og faghópa

2.1.Orðanefnd

Sigrún Helgadóttir formaður flutti skýrslu um störf nefndarinnar á árinu - fskj. #3.

2.2. Ritstjórn

Gísli R. Ragnarsson sagði frá endurskoðun á útgáfumálum félagsins sem nú stendur yfir. Ritstjóri vakti enn fremur athygli á að veltuhraði ritstjórnarfulltrúa sé mikill, en nú væri að myndast hópur góðra manna í ritstjórn. Sjá minnispunkta um endurskoðun - fskj. #4.

3. Reikningar félagsins fyrir árið 1996

Laufey Erla Jóhannesdóttir féhirðir stjórnar lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins og fór yfir helstu liði þeirra. Tekjur umfram gjöld á árinu voru kr. 45.255. Voru reikningarnir samþykktir samhljóða. - fskj.#5

4. Lagabreytingar

Svanhildur Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri sagði frá störfum lagabreytinganefndar og fór yfir tillögurnar, sem höfðu verið sendar öllum félagsmönnum með fundarboði - fskj.#6. Lagðar voru fram breytingatillögur á fundinum:

- a) Grein 3. fyrsta setning: „haft“ breytist í „átt“, setningin orðist svo „Aðild að félaginu geta átt stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar.
- b) Grein 5.1. síðasta setning: „kjörin“ breytist í „skipuð“, setningin orðist svo „Orðanefnd skal skipuð á fyrsta fundi stjórnar.“
- c) Grein 6.2. fyrsta setning: á eftir „Ritstjórn skal skipuð ritstjóra“ bætist „ , sem kosinn skal á aðalfundi til eins árs í senn, “ og orðist setningin svo „Ritstjórn skal skipuð ritstjóra, sem kosinn skal á aðalfundi til eins árs í senn, og ritstjórnarmönnum sem stjórn félagsins skipar í samráði við ritstjóra“.
- d) Grein 9. fyrsta setning: bætt verði við „a.m.k.“ á undan „50 félagsmenn óska...“ og orðist setningin svo „Til aukaaðalfundar skal boðað þegar stjórn félagsins þykir ástæða til eða þegar a.m.k. 50 félagsmenn óska þess skriflega“.

Voru tillögur stjórnar og lagabreytinganefndar að nýjum félagssamþykktum samþykktar samhljóða með þessum breytingum.

5. Ákvörðun félagsgjalda fyrir árið 1997

Fyrir fundinum lá tillaga frá stjórn um að hækka félagsgjöld um 8% frá árinu 1996. Tillagan byggði á fjárhagsáætlun sem dreift var á fundinum - fskj. #7. Var tillagan samþykkt einróma og verða því félagsgjöld 1997: Fullt gjald kr. 13.500, hálf gjald kr. 6.750, fjórðungsgjald kr. 3.375.

6. Stjórnarkjör

Kosið var í stjórn eftir ákvæðum í nýjum félagssamþykktum. Fyrir fundinum lá tillaga um að kjósa Hauk Oddsson sem formann félagsins til næstu tveggja ára og var hún samþykkt einróma. Þá var tekin fyrir tillaga um að kjósa Heimi Sigurðsson og Óskar B. Hauksson aðra stjórnarmenn til tveggja ára og var það samþykkt einróma. Tillaga um Gunnar Sigurðsson og Eggert Ólafsson sem varamenn til eins árs var samþykkt einróma. Stjórn SÍ 1997 verður því skipuð með eftirfarandi hætti:

Formaður Haukur Oddsson

Aðrir stjórnarmenn

Douglas Brotchie

Hulda Guðmundsdóttir

Laufey Erla Jóhannesdóttir

Óskar B. Hauksson

Heimir Sigurðsson

Varamenn

Gunnar Sigurðsson

Eggert Ólafsson

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Jakob Sigurðsson og Sigurjón Pétursson voru einróma endurkjörnir.

8. Nefndakjör

8.1. Siðanefnd

Erla S. Árnadóttir var einróma kjörin formaður siðanefndar til eins árs og aðrir nefndarmenn einróma kjörnir Gunnar Linnet og Snorri Agnarsson. Varamaður var kosinn Sigurjón Pétursson.

8.2. Ritstjóri

Gísli R. Ragnarsson var einróma kjörin ritstjóri til eins árs.

9. Önnur mál

9.1 Sigrún Helgadóttir hvatti til samvinnu fagfélaga í upplýsingatækni og gera félögin sýnilegri.

9.2 Baldur Jónsson var gerður að heiðursféлага Skýrslutæknifélags Íslands og afhent heiðursskjal.

9.3 Haukur ræddi um félagsgjöldin, þakkaði lagabreytingarnefnd störfina og þakkaði fundinum að samþykkja samþykktir.

9.4 Fyrirspurn kom varðandi að lög séu nefndar samþykktir.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið kl. 16:00

Ritarar:

Formaður:

Svanhildur Jóhannesdóttir
Hulda Guðmundsdóttir

Haukur Oddsson

Fundinn sátu:

Jóhann Gunnarsson, Fjármálaráðuneyti
Haukur Oddsson, Íslandsbanka
Heimir Sigurðsson, Olúfélaginu hf.
Douglas Broatchie, Reiknistofnun Háskólans
Baldur Jónsson, Háskóla Íslands
Sigrún Helgadóttir, Hagstofu Íslands
Þorsteinn Sæmundsson, Háskóla Íslands
Stefán Briem, Skýrslutæknifélagi Íslands
Gunnar Sigurðsson, Verzlunarskóla Íslands
Sæmundur Sæmundsson, Tölvumiðstöð sparisjóðanna
Sveinn Kjartansson, Námsgagnastofnun
Kristín H. Pétursdóttir, Landsbanka Íslands
Ágúst Úlfar Sigurðsson, Skýrr hf.
Agnar Björnsson, Skýrr hf.
Gísli R. Ragnarsson, Bestun hf.
Óskar B. Hauksson, Eimskip hf.
Hulda Guðmundsdóttir, Ríkisspítulum
Laufey Erla Jóhannesdóttir, Skýrr hf.
Ingvar Baldursson
Einar Ólafsson, Hagstofu Íslands
Svanhildur Jóhannesdóttir, Skýrslutæknifélagi Íslands

Fylgiskjöl með fundargerð þessari:

Fskj. #1 - Skýrsla formanns fyrir árið 1996

Fskj. #2 - Viðauki við skýrslu formanns fyrir árið 1996

Fskj. #3 - Skýrsla orðanefndar

Fskj. #4 - Minnisblað starfshóps um endurskoðun Tölvumála

Fskj. #5 - Reikningar félagsins fyrir árið 1996

Fskj. #6 - Tillögur til lagabreytinga

Fskj. #7 - Tillaga um félagsgjöld fyrir árið 1997